

# TÓNLISTARVEISLA

Á NÆSTUNNI verður mikil íslensk tónlistarveisla í Danmörku þegar sex íslenskar sveitir troða upp í Kaupmanna-

höfn í tengslum við tónlistarráðstefnuna CMS sem stendur frá 10. til 13. september. Þrjár sveitanna sem hyggjast halda utan halda tvö tónleika hér á landi í næstu viku, til að afa farareyris.

**H**ljómsveitirnar sex eru Sálín, Todmobile, Point Blank, Bootlegs, Risaeðlan og In Memoriam. Fyrstnefndu sveitirnar þrjár eru að fara utan meðal annars vegna fyrirhugaðrar útgáfu ytra í haust, en Bootlegs og Risaeðlan leika á vegum ráð-

stefnunnar sjálfrar. In Memoriam verður á vegum Húnaversháttíðarinnar, en sveitin varð hlutskörpust í hljómsveitakeppni þar sem Kaupmannahafnarferð var aðalverðlaun.

Todmobile, Sálín og Point Blank halda tvö tónleika hér til að afa farareyris. Næstkomandi þriðjudag, 3. september, leika sveitirnar í 1929 á Akureyri og fimmtudaginn 5. í Hótel Borg í Reykjavík. Þetta mun verða í fyrsta skipti sem þessar sveitir leika saman á tónleikum. 1929 og Hótel Borg.



Ljósmynd/Björg Sveinsdóttir  
**Sálín** Farareyris aflað.

**Todmobile**  
1929 og Hótel  
Borg.

Ljósmynd/Björg Sveinsdóttir

